

VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA

ÁRSSKÝRSLA 2024



UMHYGGJA | FAGMENNSKA | ÖRYGGI | FRAMÞRÓUN



LANDSPÍTALI

VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA - ÁRSSKÝRSLA 2024

Formáli – Karl Andersen, formaður Vísindaráðs Landspítala

Vísindaráð Landspítala hefur þrífætt hlutverk. Í fyrsta lagi að annast umsýslu og mat umsókna um styrki úr Vísindasjóði, í öðru lagi að skipuleggja og halda utan um uppskeruhátíð vísindastarfs spítalans, Vísindi á vordögum og annast val á heiðursvísindamanni og ungum vísindamanni spítalans og í þriðja lagi að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindatengd málefni á spítalanum.

Síðasta starfsár Vísindaráðs hefur verið með hefðbundnu sniði en þó einkennst af breytingum, nýjum viðmiðum og framsækni í málefnum vísinda á spítalanum. Forstjóri hefur ákveðið að setja vísindastarfið í forgang og í nýju skipuriti hafa málefni vísinda verið færð undir skrifstofu forstjóra. Framlög í Vísindasjóð hafa aukist umtalsvert frá fyrri árum og í samræmi við tillögu Vísindaráðs frá 2023 hefur verið ákveðið að breyta úthlutunarstefnu sjóðsins þannig, að veittir verða stærri styrkir til þriggja ára í senn með það að markmiði að styðja við stærri og metnaðarfullri vísindaverkefni með hátt vísindalegt gildi, sem líkleg eru til birtingar á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma er vert að styðja við unga vísindamenn sem stíga sín fyrstu skref í vísindum og veita þeim tveggja ára styrki til að vinna að góðum verkefnum. Þessar breytingar voru tíundaðar í síðustu ársskýrslu og hafa fengið góðar viðtökur hjá forstjóra og framkvæmdastjórn. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að umsýsla styrkumsókna og mat á þeim færist til RANNIS sem mun setja saman óháð fagráð skipað erlendum sérfræðingum.

Vísindi á vordögum fóru fram á Landspítalanum 23. apríl 2024 og tókust með ágætum. Heiðursvísindamaður Landspítala 2024 var valinn Jón Gunnlaugur Jónasson meinafræðingur eftir tillögum starfsmanna. Flutti hann yfirlit yfir rannsóknir sínar á fundinum. Þá var Sæmundur Rögnvaldsson sérnámslæknir valinn ungur vísindamaður Landspítala 2024 og kynnti hann sömuleiðis vísindastörf sín. Vísindastyrkir voru veittir til 60 verkefna. Um haustið var síðan sérstök úthlutun á styrkjum til fimm verkefna ungra vísindamanna.

Þriðja megin verkefni Vísindaráðs er að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindatengd málefni á spítalanum og hefur forstjóri ákveðið að leggja meiri áherslu á þennan þátt í framtíðinni. Síðasta starfsári lauk með útgáfu nýrrar Vísindastefnu Landspítala 2025-2030 og hefur hún verið samþykkt af forstjóra og framkvæmdastjórn. Framundan er vinna við Aðgerðaáætlun sem byggir á Vísindastefnunni.

Í lok síðasta starfsárs lét fyrrverandi formaður stjórnar, Rósa Björk Barkardóttir af störfum eftir átta ára farsælt starf og undirritaður tók við 1. nóvember 2024. Vil ég nota tækifærið til að þakka Rósu fyrir hennar mikilvæga framlag og framsýni til eflingar vísinda á Landspítalanum. Það skarð sem hún skilur eftir verður vandfyllt. Að auki vil ég þakka því öfluga fólki sem skipað hefur stjórn Vísindaráðs og Sigríði Bergþórsdóttur verkefnastjóra fyrir góða og árangursríka vinnu.

Við horfum nú fram á veginn til nýrra verkefna sem miða að því að efla vísindastarf Landspítalans.

Karl Andersen, formaður stjórnar Vísindaráðs

VÍSINDARÁÐ 2024



Rósa Björk Barkardóttir (formaður), sameindalíffræðingur, yfirmaður sameindameinafræði meinafræðideildar LSH og klínískur prófessor. Til 1. Nóvember.



Karl Andersen, (formaður) prófessor í hjartalækisfræði, hjartadeild Landspítala. Frá 1. nóvember.



Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnasviði LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Sigríður Zöega, deildarstjóri í Verkjateymi LSH og dósent við Háskóla Íslands.



Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir og dósent við HÍ, Krabbameinsmiðstöð, lyflækningar krabbameina.



Marianne Klinke, forstöðumaður fræðasviðs á Kennslu- og rannsóknardeild Lyflækninga- og bráðasviðs LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur á ónæmisfræðideild LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir á Hjartalækningadeild LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur á Næringarstofu LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Skipuð aðstoðarrektor vísinda við Háskóla Íslands á árinu.



Verkefnastjóri vísindaráðs, Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur. Til 1. maí.



Verkefnastjóri vísindaráðs, Sigríður Bergþórsdóttir, náttúrufræðingur. Frá 1. maí.

VARAMENN 2024:

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur á Frumulíffræðideild LSH og klínískur prófessor.

Jón Þór Bergþórsson, náttúrufræðingur á Rannsóknarkjarna í blóðmeinafræði LSH og dósent við Háskóla Íslands.

Lena Rós Ásmundsdóttir, sérfræðilæknir við Sýkla- og veirufræðideild LSH og lektor við Háskóla Íslands.

María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur á Sálfræðiþjónustu LSH og prófessor við Háskólann í Reykjavík.-Til 1. september

Brynja Björk Magnúsdóttir, sálfræðingur og dósent við Sálfræðideild, Háskólanum í Reykjavík. Frá 1. september.

Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Gjörgæslu LSH og lektor við Háskóla Íslands.-Til 1. nóvember.

Þórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir á Gigtækningum LSH og lektor við Háskóla Íslands.-Til 1. nóvember.

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun á skrifstofu framkvæmdarstjóra hjúkrunar LSH og dósent við Háskóla Ísland

STARFSEMI 2024

FUNDIR VÍSINDARÁÐS

Fundir ráðsins voru 14 talsins á árinu, sem flestir voru á fjarfundaformi, til hagræðingar fyrir ráðsmenn en einnig voru haldnir staðfundir. Starfsmaður ráðsins tekur saman fundargerðir sem eru aðgengilegar á vef ráðsins.



HELSTU VERKEFNI VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU

VÍSINDASTEFNA LANDSPÍTALA 2025-2030

Vísindaráð Landspítala vann á starfsárinu nýja vísindastefnu fyrir 2025-2030. Vísindastefnan var send forstjóra og framkvæmdastjórn og var hún einnig kynnt stjórn og fagráði spítalans. Í vísindastefnunni eru sett fram rúmlega fjörutíu markmið og leiðir í framþróun vísindastarfs á spítalanum. Næsta skref er að setja fram aðgerðaáætlun til að framfylgja vísindastefnunni þar sem samráð verður haft við forstöðumenn fræðasviða og yfirmenn klínískra eininga. Fyrstu áhersluatriði sem hrint verður í framkvæmd er að skapa aðstöðu til klínískra rannsókna á spítalanum, að stofna fjórar nýdóktorastöður til klínískra rannsókna á næstu tveimur árum, að í starfslýsingum og ráðningarsamningum verði skilgreint starfshlutfall til kennslu og rannsókna, formlegu samstarfi verður komið á við nýsköpunarfyrirtæki í gegnum aðild spítalans að Auðnu tæknitorgi og breytingar verða gerðar á úthlutunarreglum Vísindasjóðs með það að markmiði að veita stærri rannsóknarstyrki til öflugra og metnaðarfullra vísindaverkefna. Í stefnunni er lagt til að fjárframlögum til spítalans verði þrískipt í samræmi við hlutverk hans að lögum, þannig að framlög til klínískrar starfsemi, kennslu og vísindastarfs verði haldið aðgreindu. Að auki er farið fram á að fjárframlagi til vísindastarfs verði innan fimm ára færð til samræmis við það sem þekkist á háskólasjúkrahúsum í nágrannalöndum okkar og nemi a.m.k. 3% af heildarveltu spítalans hverju sinni. Stefnt er að því að styrkja vísindastarfið á spítalanum með aukinni stoðþjónustu við rannsakendur og fjölga þannig birtum

greinum þar sem starfsmenn spítalans eru í leiðandi hlutverki og birtast í tímaritum með háan áhrifastuðul. Landspítali er ein öflugasta vísindastofnun landsins í heilbrigðisvísindum og skyldum greinum. Aukin áhersla verður lögð á samstarf við háskóla innan lands og utan og samnýtingu rannsóknarinnviða Landspítalans og heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

FRUMVARP TIL LAGA UM OPINBERAN STUÐNING VIÐ VÍSINDI OG NÝSKÖPUN

Vísindaráð og vísindadeild skilaði forstjóra og framkvæmdastjórn tillögu að athugasemdum í samráðsgátt stjórnvalda um frumvarp S-196/2024 til nýrra heildarlaga um opinbera samkeppnissjóði á sviði vísinda og nýsköpunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fækkun rannsóknasjóða sem heyra undir háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti úr átta í þrjá. Gerð var athugasemd við það að til þessa hefur opinber fjármögnun rannsóknarverkefna á sviði heilbrigðisvísinda verið í gegnum rannsóknarsjóð RANNIS sem heyrir undir háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, en skv. forsetaúrskurði nr 6/2022 heyra vísindarannsóknir á heilbrigðissviði undir heilbrigðisráðuneyti. Einnig var gerð athugasemd við hlutverk fyrirhugaðs Nýsköpunarsjóðs, sérstaklega hvað varðar frumkvöðlastarf, nýsköpun og hagnýt verkefni innan opinberrar þjónustu eins og Landspítala en þessar rannsóknir hafa til þessa heyrt undir Tækniþróunarsjóð. Þá var gerð athugasemd við skipan fagráðs í fyrirhuguðum Áherslusjóði og að ekki væri gert ráð fyrir akademisku hæfi eða sérþekkingu við skipan í stjórn sjóðsins. Að lokum var bent á að í frumvarpsdrögum var hvergi minnst á stofnun Heilbrigðisvísindasjóðs.

TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á ÚTHLUTUNARSTEFNU VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

- Styrkjaflokkur I (6 milljónir), hámark 5 styrkir á ári næstu þrjú ár, samtals 15 styrkir alls
- Styrkjaflokkur II (2 milljónir), hámark 28 styrkir fyrsta árið, síðan 10 á ári, samtals 48 styrkir alls
- Styrkjaflokkur ungra vísindamanna (1,5 milljón), 5 styrkir á ári og í hámark 2 ár, samtals 10 styrkir alls

Í síðustu ársskýrslu var fyrst greint frá samþykkt Vísindaráðs frá 2023 sem gerir ráð fyrir breyttum úthlutunarreglum Vísindasjóðs. Í stuttu máli er fyrirhugað að veita stærri styrki og til allt að þriggja ára fyrir hvert verkefni. Þannig verði almennir rannsóknarstyrkir í flokki 1 að upphæð 6 milljónir á ári í allt að 3 ár (samtals 18 milljónir) og eru þeir hugsaðir til metnaðarfullra verkefna sem líkleg eru til alþjóðlegrar birtingar í tímaritum með háan áhrifastuðul. Handhafar slíkra styrkja hafa þannig svigrúm til að helga sig verkefninu í þrjú ár en ekki er gert ráð fyrir að hver umsækjandi hafi fleiri en einn styrk á hverjum tíma. Í styrkjaflokki 2 verður styrkupphæðin 2 milljónir til allt að þriggja ára. Gert er ráð fyrir að veita 28 slíka styrki fyrsta árið, til að koma sem flestum í gang með sín verkefni og að nýir styrkir af flokki 2 verði 10 á ári eftir það. Fyrir unga vísindamenn verður styrkupphæðin 1,5 milljónir að hámarki til tveggja ára. Þeir sem fá úthlutað styrk fá fullan styrk samkvæmt fjárhagsáætlun en gerðar eru kröfur um að vandað sé til umsóknarinnar, að um sé að ræða verkefni með hátt vísindalegt gildi og að nýnæmi sé gott. Ástæða þessarar breytingar er sú stefna að með stærri styrkjum aukast líkur á því að rannsókninni ljúki með birtingu í tímaritum með háan áhrifastuðul. Í fyrra styrkjakerfi voru veittir margir smáir styrkir sem dugðu oft ekki til að ná markmiðum sjóðsins um hátt vísindalegt gildi og nýnæmi. Á móti kemur að ungir vísindamenn fá áfram styrki en þeir verða færri og minni. Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að 50-60% umsækjenda fái styrk fyrsta árið en að á hverjum tíma yrðu rúmlega 60 vísindamenn með 3 ára styrki af flokki 1 eða 2 þegar kerfið er komið í gang. Breytingar á úthlutunarreglum Vísindasjóðs hafa verið kynntar framkvæmdastjórn og voru samþykktar þar.

SAMRÁÐSGÁTT UM VÍSINDI OG VÍSINDATENGÐ MÁLEFNI

Rætt var innan ráðsins mikilvægi samráðs við hagaðila um vísindi og vísindatengd málefni innan Landspítala. Lögð var fram hugmynd að samráðsgátt fyrir stjórnendur LSH (forstjóri/framkvæmdarstjórn) og/eða Vísindaráð, þar sem hagaðilum/starfsmönnum væri gefin kostur á að koma með álit á fyrirhuguðum breytingum í stefnu eða málefnum er varða ákvarðanatöku í málefnum sem snúa að vísindum á spítalanum.

NÁMSKEIÐ Í GERÐ VÍSINDAUMSÓKNA

Eins og fram kom í Ársskýrslu Vísindaráðs fyrir árið 2023 var það mat ráðsmanna að gæðum margra umsókna væri ábótavant og að úrbóta og aðgerða væri þörf. Of algengt væri að verkefni fengju lága matseinkunn fyrir gæði umsóknar sem hefur mikil áhrif á heildareinkunn verkefnis og þannig á úthlutunarupphæð úr sjóðnum sem getur og hefur jafnvel leitt til höfnunar á umsóknum. Ráðsmenn voru því sammála að bregðast þurfi við þessu með einhverjum hætti, jafnvel með fræðslu til umsækjenda, þar sem lögð yrði áhersla á að vandað sé til verka. Samstarf við Háskóla Íslands var rætt og var ákveðið að Landspítalinn tæki þátt í fyrirhuguðum **Styrkjabúðum Heilbrigðisvísindasviðs** á komandi starfsári.

ÁBYRGÐ OG UMSJÓN MEÐ FAGLEGU MATI UMSÓKNA Í VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Stærsta, umfangsmesta og án efa lang tímafrekasta verkefni Vísindaráðs er að halda utan um og sjá um faglegt mat á styrkumsóknum í Vísindasjóð Landspítala og samræma einkunnagjöf. Á grundvelli þessarar vinnu og niðurstöðu ráðsins er styrkjum úthlutað úr Vísindasjóði á Vísindum á vordögum. Vísindaráð ákveður umgjörð umsóknar- og matsferils umsókna ásamt tegund styrkja og styrkjaflokka í boði hverju sinni í samræmi við stefnu Vísindasjóðs. Vísindaráð ákveður innihald og gerð umsóknareyðublaða í samræmi við áherslur sjóðsins ásamt regluverki og leiðbeiningum. Ráðið ákveður áherslupætti í mati og leiðbeiningum fyrir ytri matsaðila ásamt gerð staðlaðra matsblaða fyrir ráðsmenn og ytri matsaðila til að auðvelda samræmingu á mati umsókna og einkunnagjöf. Við þessi verkefni nýtur það aðstoðar starfsmanns ráðsins sem heldur utan um rafrænt styrkumsóknarkerfi spítalans, ásamt því að halda utan um og leiðbeina umsækjendum í umsóknarferlinu og matsaðilum í matsferlinu. Styrkúthlutunarferlið ásamt utanumhaldi og undirbúning á viðburðum tengdum styrkúthlutunum er í höndum starfsmanns ráðsins og er framkvæmt í samráði við formann Vísindaráðs

Auglýst var eftir umsóknum um verkefnastyrki vegna vorúthlutunar úr Vísindasjóði Landspítala þann 8. desember 2023 og var umsóknarfrestur til 22. janúar 2024. Sjóðnum bárust um 70 umsóknir, þar af tæplega fjórðungur umsókna til framhaldsverkefna eða 16. Vísindaráðsmeðlimir skipta með sér umsóknum sem þeir bera ábyrgð á gegnum matsferlið. Varamenn Vísindaráðs eru kallaðir til ef þurfa þykir vegna fjölda umsókna og taka þeir þátt í matsferlinu. Umsóknir eru metnar m.t.t. skilyrða Vísindasjóðs sem settar eru fram í leiðbeiningum sjóðsins og m.t.t. gæða umsókna, vísindalegs gildis/nýnæmis og vísindalegrar reynslu og hæfni umsækjenda. Utanaðkomandi matsaðilar eru fengnir til að meta umsóknir og gefa einkunn skv. matsblaði Vísindaráðs. Framgang til styrkveitingar fyrir almenn vísindaverkefni fengu 60 umsóknir.

Auglýst var eftir umsóknum til Vísindasjóðs um styrki til handa ungu starfsfólki Landspítala til klínískra rannsókna þann 16. október og var frestur til að skila inn umsókn 1. nóvember 2024. Sjóðnum bárust 9 gildar styrkumsóknir, þar af 3 umsóknir til 2ja ára, en þetta er í annað sinn þar sem auglýst er eftir styrkjum til 2ja ára í þessum styrkjaflokki. Framgang til styrkveitingar fengu 5 umsækjendur, 2 til tveggja ára og 3 til eins árs.



VAL Á HEIÐURSVÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA



Heiðursvísindamaður Landspítala er valinn á ári hverju af Vísindaráði eftir tilnefningu starfsmanna. Árið 2024 auglýsti Vísindaráð eftir tilnefningum til heiðursverðlauna frá starfsfólki Landspítala um miðjan janúar og var frestur til tilnefninga til 16. febrúar. Engin höft eru á tilnefningar aðrar en þær að tilnefndur aðili þarf að vera fastráðinn og í aðalstarfi á Landspítala. Ráðsmenn hafa veg og vanda af yfirferð tilnefninga og er lagt mat á vísindalegan árangur ásamt frumleika og sjálfstæðis viðkomandi. Horft er til fjölda birtinga í góðum erlendum fagttímaritum, fjölda greina þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur og fjölda tilvísana í birtar greinar, öflunar stórra styrkja hérlandis sem erlendis og þátttöku og árangurs í erlendu samstarfi. Einnig er horft til framlags vísindamannsins til eflingar vísinda og vísindamenningar innan Landspítala, greinafjölda sem byggir á rannsóknum innan spítalans, fjölda tilvitnana í þær greinar og fjölda útskrifaðra meistara- og doktorsnema. Jón Gunnlaugur Jónasson yfirlæknir á meinafræðideild Landspítala og prófessor í meinafræði við Háskóla Íslands var kjörinn heiðursvísindamaður Landspítala 2024.

[Heiðursvísindamaður Landspítala 2024-\(tengill á frétt\)](#)

VAL Á UNGUM VÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA



Val á ungum vísindamanni Landspítala er í höndum Vísindaráðs. Samhliða auglýsingu eftir ágrípum veggspjalda fyrir Vísindi á vordögum er auglýst eftir tilnefningum til heiðursnafnbótarinnar „Ungur vísindamaður Landspítala“ ár hvert. Val á ungum vísindamanni byggir á ferilskrá hans og ritalista og þá aðallega greinum þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur. Þá er einnig horft til vísindalegs gildis þess verkefnis og gæða þess ágríps sem viðkomandi sendir inn. Árið 2024 voru tilnefningar 8 talsins og á grunni innsendra gagna valdi Vísindaráð Sæmund Rögnvaldsson ungan vísindamann Landspítala 2024.

[Ungur vísindamaður Landspítala 2024-\(tengill á frétt\)](#)

UMSJÓN OG YFIRFERÐ INNSENDRA ÁGRIPA VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM

Auglýst var eftir ágrípum veggspjalda vísindaverkefna í byrjun febrúar og var frestur til innsendingar 25. mars. Öflug auglýsingaherferð skilaði sér í metfjölda innsendra ágripa að þessu sinni og voru innsend ágríp alls 71. Samþykkt ágríp voru að venju birt í fylgiriti Læknablaðsins ásamt ávarpi formanns Vísindaráðs og dagskrá Vísinda á vordögum. Vísindaráð fer yfir og metur gæði allra ágripa áður en þau eru samþykkt til birtingar. Vísindaráð velur að jafnaði 2-4 ágríp sem hljóta sérstaka kynningu og peningaverðlaun á Vísindum á vordögum. Fjögur ágríp voru valin sem verðlaunaágríp og héldu verðlaunahafar kynningu á sínum verkefnum á Vísindum á vordögum. Að auki voru 20 veggspjöld valin fyrir stýrðar veggspjaldakynningar. Veggspjöld sem kynnt voru á hátíðinni eru einnig aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu hátíðarinnar sem stuðlar að auknum sýnileika vísindastarfs á Landspítala. Mikilvægt er að starfsfólk og annað áhugafólk hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindum á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir það starfsfólk spítalans sem er að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum.

Myndir frá veggspjaldsýningu og verðlaunahöfum á Vísindum á vordögum



[Veggspjöld Vísindi á vordögum 2024 \(tengill á frétt\)](#)

VÍSINDI Á VORDÖGUM - SKIPULAGNING, DAGSKRÁRGERÐ OG FRAMKVÆMD

Vísindi á vordögum er árleg uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Megintilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala til að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við í rannsóknum sínum auk þess að heiðra starfsfólk fyrir vísindastörf og úthluta styrkjum úr Vísindasjóði Landspítala.

Skipulagning hátíðarinnar og ákvörðun um dagskráliði er í höndum Vísindaráðs. Við framkvæmd Vísinda á vordögum 2024 fór fram viðamikill undirbúningur sem fól meðal annars í sér samstarf við samskiptadeild Landspítala þar sem unnið var að upptöku viðtala við heiðursvísindamann og ungan vísindamann, myndatökum, skipulagi á beinu streymi, auglýsingagerð og birtingu auglýsinga, grafískri hönnun auglýsinga og vefsíðu hátíðar auk hápunkta frá liðnu ári.

ÚTHLUTUN STYRKJA 2024

VERKEFNASTYRKIR VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Markmið verkefnastyrkja er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna sem stýrð eru af fastráðnu vísindafólki starfandi innan Landspítala. Árið 2024 var úthlutað styrkjum til 60 almennra vísindaverkefna, að auki var 4 Hvatningarstyrkum úthlutað, samtals að upphæð rúmlega 75 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja til almennra vísindaverkefna var rúmlega 1,5 milljónir króna. Styrkirnir voru afhentir af formanni Vísindaráðs á Vísindum á vordögum þann 23 apríl. Með því að smella á tengilinn hér að neðan má finna upplýsingar um hvaða vísindamenn var úthlutað styrk að þessu sinni.

[Verkefnastyrkir Vísindasjóðs 2024](#)

HVATNINGARSTYRKIR VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Á uppskeruhátíðinni Vísindi á vordögum í Hringsal þann 23. apríl 2024, voru afhentir úr Vísindasjóði Landspítala fjórir hvatningarstyrkir, hver styrkur að upphæð 5 milljónir króna. Sjóðurinn úthlutaði síðast sérstökum hvatningarstyrkjum árið 2015. Stjórn sjóðsins ákvað að árið 2024 skyldi veita 20 milljónum króna til fjögurra metnaðarfullra verkefna og að afhending styrkjanna færi fram á sama tíma og afhending verkefnastyrkja sjóðsins færi fram. Auglýst var eftir styrkjunum samhliða verkefnastyrkumsóknum og sá háttur hafður á að þau hvatningarverkefni sem ekki hlytu framgang til hvatningastyrkja færu sjálfkrafa inn í sjóðinn sem umsóknir um verkefnastyrk. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með matsferli hvatningastyrkja og gerir tillögu til stjórnar sjóðsins.



Á myndinni eru frá vinstri: Kijin Jang, (tók við styrk fyrir hönd Hans Tómasar Björnssonar), Stefanía P. Bjarnason, Sæmundur Rögnvaldsson, Viðar Eðvarðsson og Rósa Björk Barkardóttir

STYRKIR VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA TIL KLÍNÍSKRA VERKEFNA UNGS VÍSINDAFÓLKS

Markmið styrkjaflokksins er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni ungs vísindafólks. Styrkjunum er ætlað að gera ungu vísindafólki kleift að taka launalaust leyfi frá klínískum störfum sínum til að stunda rannsóknir. Árið 2023 var gerð breyting á úthlutunarreglum sjóðsins fyrir þennan styrkjaflokk og veitir sjóðurinn nú fullan styrk til verkefnis til allt að 2ja ára, eða engan styrk og var þetta í annað sinn sem veitt var úr sjóðnum til 2ja ára.

Afhending styrkjanna fór fram við hátíðlega athöfn þann 11. desember á Hringsal Landspítala. Úthlutað var styrkjum til 5 verkefna, að heildarfjárhæð rúmar 10 milljónir króna og voru verkefnir styrkt ýmist í eitt eða tvö ár Ungir vísindamenn sem hlutu styrk til 2ja ára á árinu 2023 héldu erindi og kynntu niðurstöður sinna verkefna og svöruðu spurningum frá áheyrendum. Karl Andersen, formaður Vísindaráðs, afhenti styrkina og í kjölfarið héldu styrkþegar kynningu á sínum verkefnum.

[STYRKIR TIL UNGRA VÍSINDAMANNA - LANDSPÍTALI-](#)

Mynd frá styrkveitingu til ungra vísindamanna Landspítala



Á myndinni eru frá vinstri: Sigríður Bergþórsdóttir, Magnús Gottfreðsson, Jóna Freysdóttir, Elva Rún Rúnarsdóttir, Arna Rut Emilsdóttir, Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir, Stefanía Katrín Finnsdóttir, Eirný Þórólfsdóttir og Karl Andersen.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTUN ÁRIÐ 2024 OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR

Hér fyrir neðan eru teknar saman áhugaverðar tölulegar upplýsingar um úthlutun árið 2024 ásamt samanburði við úthlutanir síðustu ára.

Samanburður á fjölda umsókna og úthlutana eftir fræðasviðum á Landspítala:


Samanburður á hlutfalli styrkumsókna milli sviða Landspítalans 2024




Samanburður á hlutfalli á úthlutun styrkja milli sviða Landspítalans 2024




Samanburður á fjölda umsækjenda milli starfsgreina (2012-2024)




Fjöldi styrkumsókna og úthlutanir til almennra vísindaverkefna milli ára




Hlutfall umsókna sem eru samþykktar/hafnað milli ára



Skipting styrkúthlutunar eftir kyni milli ára



Samanburður á meðalstyrkupphæð milli ára – Breytingar í fjölda umsókna til Vísindasjóðs – Breytingar í heildarúthlutun



Fjöldi umsækjenda milli ára (aðalumsækjendur-PI)



Eins og sjá má á meðfylgjandi grafi hefur fjöldi aðalumsækjenda fækkað frá 2008 en haldist nokkuð stöðugur frá árinu 2016. Ef þetta er borið saman við upplýsingar í síðasta grafi má sjá að þó að aðalumsækjendum hafi fækkað þá hefur meðaltals styrkupphæð hækkað umtalsvert (meira en tvöfaldast). Þetta má túlka með þeim hætti að á síðari árum helgi rannsakendur sig frekar stærri og færri verkefnum en áður. Hér gæti verið um að ræða doktorsverkefni eða meistaraverkefni sem unnin eru á spítalanum. Þessi breyting byggir meðal annars undir þá stefnu að í framtíðinni verði aukin áhersla á að styrkja metnaðarfull verkefni með háan áhrifastuðul sem líkleg eru til birtingar í tímaritum með háan áhrifastuðul.

ÚTHLUTUN ÚR BIRTINGASJÓÐI LANDSPÍTALA

Markmið Birtingasjóðs er að styðja frekar við vísindastarf starfsfólks Landspítala með því að hvetja vísindafólk til að birta rannsóknir sínar í erlendum tímaritum með háan áhrifastuðul og vera í leiðandi hlutverki í metnaðarfullum rannsóknarverkefnum. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum eru ekki bundnir við að greiða niður birtingarkostnað heldur ræður styrkhafinn hvernig hann nýtir styrkinn. Í stjórn sjóðsins eru forstjóri, framkvæmdastjóri hjúkrunar, framkvæmdastjóri lækninga, formaður Vísindaráðs og forstöðumaður vísinda. Dagleg umsjón sjóðsins fyrir hönd stjórnar Birtingasjóðs er í höndum starfsmanns Vísindaráðs.

Birtingarsjóður Landspítala úthlutaði rúmlega 4 milljónum króna á þriðja starfsári sínu. Árið 2024 voru 25 umsóknir sem fengu afgreiddan styrk úr sjóðnum. Heildarupphæð veittra styrkja úr sjóðnum var 2.825.000 krónur og þar af um 56% vegna birtinga í tímaritum í flokki A; tímarit í yfir 75% flokk áhrifastuðuls (Q1).

[Ársskýrsla Birtingasjóðs 2024](#)



VÍSINDI Á VORDÖGUM 2024



Uppskeruhátíð vísinda á Landspítala, Vísindi á vordögum, var haldin þann 23. apríl á Hringsal og var athöfninni streymt beint. Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra ávarpaði hátíðargesti. Heiðursvísindamaður Landspítala árið 2024 var valinn Jón Gunnlaugur Jónasson yfirlæknir á meinafræðideild Landspítala og prófessor í meinafræði við Háskóla Íslands og hélt hann fyrirlestur um vísindalegan feril sinn og árangur. Þá var Sæmundur Rögnvaldssyni valinn Ungur Vísindamaður Landspítala 2024 og hélt hann í kjölfarið stutta kynningu á vísindaverkefnum sínum. Fundarstjóri opnaði formlega veggspjaldasýningu hátíðarinnar og kynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á verðlaunaágripum Vísinda á vordögum 2024 en þau eru valin úr hópi innsendra ágripa. Fjórir vísindamenn fengu verðlaun fyrir sín ágrip/veggspjöld í formi fjárinneignar til greiðslu kostnaðar við kynningu á verkefnum sínum innanlands og/eða utan. Yfir 70 veggspjöld voru til sýnis fyrir framan Hringsal og gafst fundargestum tækifæri á að skoða þau og ræða við höfunda þeirra í kaffihléi. Auk kynninga á verðlaunaveggspjöldum voru tvær stýrðar kynningar á völdum veggspjöldum á göngum hátíðarinnar. Hátíðarsvæðið iðaði af lífi og ungir sem eldri og reyndari vísindamenn nutu samvista og líflegar umræður um vísindi bergmáluðu um ganga Landspítala. Að lokum afhenti formaður Vísindaráðs styrki úr Vísindasjóði til vísindaverkefna samkvæmt tillögu Vísindaráðs. Vísindi á vordögum hefur verið streymt beint síðustu fjögur ár og eru upptökur af hátíðinni og einstökum fyrirlestrum aðgengilegar á vef spítalans. Á vef hátíðarinnar eru einnig að finna helstu fréttir á sviði vísindastarfs á spítalanum sem birst hafa á innri og ytri vef Landspítala, sem og ýmis töluleg yfirlit.

[DAGSKRÁ VÍSINDA Á VORDÖGUM 2024](#)

[UPPLÝSINGASÍÐA VÍSINDI Á VORDÖGUM 2024](#)

[FYLGIRIT LÆKNABLAÐSINS VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM 2024](#)

[FYLGIRIT LÆKNABLAÐSINS VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM 2024](#)

[DAGSKRÁ VÍSINDA Á VORDÖGUM 2024](#)

UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala-háskólasjúkrahúss var stofnaður árið 2001 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur ([sjá skipulagsskrá](#)) og voru fyrstu styrkveitingar úr sameinuðum sjóðunum á árinu 2002. Vísindasjóður veitir styrki úr sjóðnum byggt á tillögum frá Vísindaráði Landspítala sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati umsókna til sjóðsins hverju sinni. Í stjórn sjóðsins eru Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og prófessor við HÍ, Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri lækninga, Rósa Björk Barkardóttir, fráfarandi formaður Vísindaráðs, yfirmaður sameindameinafræði á meinafræðideild og klínískur prófessor, Karl Andersen formaður Vísindaráðs frá 1. nóv 2024, Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar og Gunnar Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs.

LOKAORÐ

Erilsömu starfsári 2024 lauk með útgáfu Vísindastefnu Landspítala 2025-2030 sem verður vegvísir vísindastefnu spítalans næstu árin. Undirritaður þakkar fráfarandi formanni Vísindaráðs, Rósu Björk Barkardóttur fyrir mikilsvert framlag hennar til vísindamála spítalans undanfarin átta ár. Sömuleiðis þakka ég meðlimum stjórnar fyrir mikla og góða vinnu. Við horfum bjartsýn til nýrra tíma og mikilvægra verkefna sem bíða okkar á næsta starfsári.

Fyrir hönd stjórnar Vísindaráðs,

Karl Andersen, formaður

